

Nd.

879. Breytingartillögur

við frv. til laga um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Frá Bergi Jónssyni og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. 2. og 3. másl. („Er heimilt . . . eitruninni“) falli niður.
2. Við 3. gr. Orðin „svo sem varúðarreglur gegn tjóni af eitrun“ falli niður.
3. Við 4. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:

Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður helming skotmannslauna, en sýslusjóður og hlutað-eigandi sveitarsjóður sinn fjórðung hvor. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 20 aura fyrir hvern skotinn svartbak.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, sæti sektum frá 50—500 krónum.
6. Við 7. gr.
 - a. Á eftir orðunum í 1. másl. „ábylisjarðar sinnar“ komi: eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir.
 - b. Í stað „frá 20—200 krónum“ í lok greinarinnar komi: frá 40—300 krónum.